

## Stjórnskipulag lagadeildar Háskólans í Reykjavík

### Forseti lagadeildar

Forseti lagadeildar fer með faglega stjórn deildar, rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor, frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina og endanlegt ákvörðunarvald í málum sem snerta réttindi og skyldur nemenda í samræmi við grein 2.4 í reglugerð fyrir Háskólann í Reykjavík.

Forseti lagadeildar ber ábyrgð á stjórnskipulagi deildar samkvæmt stefnu skólans og skal tryggja þátt akademískra starfsmanna í stjórnun hennar, sbr. grein 2.5 í sömu reglugerð.

Forseti lagadeildar ræður fasta kennara deildarinnar eftir að hafa leitað álits formanna náms- og rannsóknarráðs og eftir atvikum kennara á viðkomandi fagsviði. Hann ræður einnig stundakennara eftir að hafa leitað álits formanns námsráðs og eftir atvikum kennara á viðkomandi fagsviði.

Að því leyti sem stjórnskipulag og reglur lagadeildar kveða á um að deildarfundur, námsráð, rannsóknarráð eða inntökunefnd skuli taka ákvarðanir hefur forseti lagadeildar framselt þeim ákvörðunarvald sitt.

### Deildarfundur

Deildarfundur lagadeildar er vettvangur fyrir umræðu og ákvarðanir um fagleg málefni deildarinnar, s.s. stefnu í kennslumálum og rannsóknnum, inntak og skipulag náms og námsþróun, námsmat, kennsluáðferðir, rannsóknir og gæðamál. Deildarfundur skipar í fagråd, nefndir og stjórnir stofnana deildarinnar. Þá hefur deildarfundur ákvörðunarvald í tilteknum málum samkvæmt reglum lagadeildar um BA-, ML- og doktorsnám.

Rétt til setu á deildarfundi og atkvæðisrétt eiga, auk forseta deildar, akademískir starfsmenn deildarinnar, þ.e.a.s. prófessorar, dósentar, lektorar, sérfræðingar og aðjúntar sem hafa alla þætti akademísks starfs með höndum. Starfsmenn skrifstofu lagadeildar og formaður eða fulltrúi stjórnar Lögréttu, félags nemenda við deildina, eiga rétt til setu á deildarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Deildarfundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði á hverri önn og oftast ef þörf krefur. Fundir eru boðaðir með tölvupósti með a.m.k. tveggja virkra daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði og skulu fundarboði fylgja nauðsynleg gögn sem til umræðu verða á fundinum. Fundargerðir skulu bókaðar og lagðar fyrir næsta deildarfund til staðfestingar. Forseti lagadeildar er fundarstjóri deildarfundar. Skrifstofustjóri lagadeildar er ritari deildarfundar. Deildarfundur er ákvörðunarbær ef hann sitja eigi færri en helmingur akademískra starfsmanna við deildina auk forseta deildar. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta deildar.

## **Fagráð**

Fagráð lagadeildar eru námsráð og rannsóknarráð.

## **Námsráð**

Deildarfundur skipar þrjá akademíska starfsmenn deildarinnar til setu í námsráði til tveggja ára í senn. Forseti lagadeildar gerir tillögu til deildarfundar um formann námsráðs. Að öðru leyti skiptir námsráð með sér störfum og getur sett sér starfsreglur sem mæla nánar fyrir um framkvæmd verkefna ráðsins. Samþykki meirihluta námsráðs þarf fyrir ákvörðunum ráðsins.

Hlutverk námsráðs er að vinna ásamt forseta lagadeildar (gildir ekki um k- og l-liði) að þróun BA- og ML náms, þar á meðal skipulagi þess og gæðum, tilhögun kennslu, kennsluhátta og námsmats og gera tillögur til lagadeildar um framangreint eftir því sem þörf krefur. Í því felst m.a.:

- a) Að vinna að og endurskoða reglur deildarinnar um BA- og ML nám, stefnu um nám og kennslu og viðmið um kennsluhætti.
- b) Að vinna að framkvæmd stefnu deildarinnar um nám og kennslu, lærdómsviðmiða og meginreglna um nám og kennslu.
- c) Að vinna að þróun kennslumats og annarra mælikvarða á kennslu.
- d) Að skipuleggja endurmenntun og þjálfun kennara í kennslufræðum.
- e) Að vinna að uppbyggingu og þróun nýrra námsbrauta og/eða námsleiða við deildina.
- f) Að vinna að úttekjum um gæðamál.
- g) Að gera tillögur um nám og kennslu í BA- og ML námi að höfðu samráði við starfsmenn lagadeildar og stjórn Lögréttu þar með talið um framboð á kjörgreinum og málstofum í meistaranámi.
- h) Að gera tillögur um, að höfðu samráði við starfsmenn lagadeildar og stjórn Lögréttu, hvaða valgreinar ML náms standi til boða á 6. önn BA náms.
- i) Að veita umsagnir og álit varðandi erindi frá forseta deildar.
- j) Að hafa frumkvæði að samningsgerð við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám í ML námi.
- k) Að taka afstöðu til umsókna um skiptinám og starfsnám í ML námi. Ákvarðanir námsráðs samkvæmt þessum lið eru kæránlegar til forseta lagadeildar.
- l) Að taka afstöðu til óska BA- og ML nemenda um mat á eldra námi og taka ákvarðanir um framvindu náms og námshlé einstakra nemenda samkvæmt reglum um BA- og ML nám. Ákvarðanir námsráðs samkvæmt þessum lið eru kæránlegar til forseta lagadeildar.
- m) Að vinna að samræmingu námskeiða í BA- og ML námi í samráði við kennara á fagsviðum deildarinnar, s.s á sviði opinbers réttar, einkaréttar og alþjóðlegs réttar.
- n) Að vinna með námsráði HR.

Formaður námsráðs boðar til funda þess. Skrifstofustjóri boðar þó og situr fundi þar sem erindi samkvæmt k- og l-liðum eru til afgreiðslu. Formaður námsráðs vinnur að málum sem snerta nám og kennslu á milli funda námsráðs með forseta- og skrifstofustjóra lagadeildar eftir því sem við á.

## **Rannsóknarráð**

Deildarfundur skipar þrjá akademíska starfsmenn deildarinnar til setu í rannsóknarráði til tveggja ára í senn. Forseti lagadeildar gerir tillögu til deildarfundar um formann

rannsóknarráðs. Að öðru leyti skiptir rannsóknarráð með sér störfum og getur sett sér starfsreglur sem mæla nánar fyrir um framkvæmd verkefna rannsóknarráðs.

Hlutverk rannsóknarráðs er að vinna ásamt forseta lagadeildar að eflingu rannsókna innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík í innlendu og alþjóðlegu samhengi. Í því felst m.a:

- a) Að móta stefnu í rannsóknum innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfsmenn lagadeildar. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rannsóknarráði fyrir deildarfundi einu sinni á ári en á þeim fundi skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.
- b) Að stuðla að rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við starfsmenn lagadeildar.
- c) Að halda utan um mat á rannsóknarstarfi innan deildarinnar og bregðast við niðurstöðum þess.
- d) Að móta stefnu varðandi rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- e) Að vinna að kynningu á rannsóknarstarfi við deildina.
- f) Að fara með málefni doktorsnáms í samræmi við námslýsingu doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík.
- g) Að vinna með rannsóknarráði HR.

### **Inntökunefnd**

Forseti lagadeildar, fulltrúi námsráðs, og skrifstofustjóri lagadeildar eiga sæti í inntökunefnd lagadeildar. Hlutverk nefndarinnar er að ákveða hverjir úr hópi umsækjenda fá inngöngu í BA- og ML nám. Ákvarðanir inntökunefndar um inngöngu í BA- og ML nám eru endanlegar.

### **Stofnanir**

Um rannsóknarmiðstöðvar og stofnanir gilda reglur HR um stofnanir.

### **Upplýsingar og samráð**

Framangreint skipulag miðar að því að starfsemi lagadeildar sé skilvirk og gegnsæ auk þess að tryggja eðlilega aðkomu akademískra starfsmanna og nemenda að stjórnun hennar.

Lagadeild leggur mikla áherslu á upplýsingaflæði milli stjórnenda, kennara og nemenda. Leitast er við að viðhalda óformlegum skoðanaskiptum milli starfsmanna og nemenda.

Forseti lagadeildar heldur á hverri önn samráðsfundi með stjórn Lögréttu, félags nemenda við lagadeildina. Hver nemendaárgangur skipar sérstakan trúnaðarmann í upphafi hvers skólaárs sem er ætlað að koma óskum og sjónarmiðum nemenda á framfæri við stjórnendur deildarinnar. Forseti deildar fundar með þeim eftir óskum.

### **Reglur Háskólans í Reykjavík**

Reglur þessar standa til fyllingar reglum HR

Þannig samþykkt á deildarfundi lagadeildar 13. janúar 2012